

Nr. 28.

20.
október.

L ö g

um rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Orðið kauptún merkir í lögum þessum löggiltan verslunarstað, hvort sem hann er hluti úr hreppi, eða hreppsfjelað út af fyrir sig.

Orðið sveitarfjelað táknað í lögum þessum kaupstað eða hrepp, sem kauptún er í; sveitarfjelaðsstjórn og sveitarfjelaðsumdæmi táknað stjórn eða umdæmi slíks sveitarfjelaðs.

2. gr.

Hver sveitarfjelaðsstjórn hefir einkaleyfi til að veita rafmagn um sveitarfjelaðsumdæmið, hvort sem er með rafmagnstaugum ofan jarðar eða neðan, (sbr. þó lög nr. 12, 20. okt. 1905). Landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem sveitarfjelaðsstjórnin ákveður, að rafmagnsveitan skuli ná til, skulu skyldir að þola hvers konar mannvirki á landi þeirra og lóðum, þau er nauðsynleg eru fyrir rafmagnsveituna. Verði svo álitid, að landeigandi eða leiguliði bíði skaða af framkvæmdum rafmagnsveitunnar, skal fult endurgjald fyrir koma, er ákveðið sje af tveimur dómkvöddum, óvilhöllum mönnum utan sveitarfjelaðsstjórnar, ef hún og lóðareigandi eða leiguliði geta ekki komið sjer saman. Matskostnað allan greiðir sveitarfjelaðssjóður.

3. gr.

Nú er rafmagnsveita á komin, og skal þá sveitarfjelaðsstjórnin hafa einkarjett til að selja rafmagn í umdæmi sveitarfjelaðsins. Hún getur og áskilið sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum í umdæminu.

4. gr.

Sveitarfjelaðið kostar lagning inn fyrir húsvegg, eða að mæli í húsi en húsiegandi eða húsaráðandi kosta, eftir því sem þeim um semur, lagning tauganna innan húss og lýsingar-áhöld, ef þeir vilja raflýsingu nota.

5. gr.

Gjald fyrir notkun rafmagnsins skal ákveðið í gjaldskrá, er sveitarfjelaðsstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og skal hana endurskoða eigi sjaldnar en 5. hvert ár. Verði kostnaðurinn við rafmagnsveituna meiri en það, er inn kemur fyrir notkun hennar, samkvæmt gjaldskránni, má greiða það, sem á vantar úr sveitarfjelaðssjóði.

Gjöld þessi öll má taka lögtaki sem önnur sveitarfjelaðsgjöld.

6. gr.

Heimilt er sveitarfjeldagsstjórn að heimta gjald, samkvæmt gjaldskránni, af hverjum húsráðanda, eftir að rafmagnstaug hefir lögd verið inn í hús hans. Þetta gjald af hústaug skal vera jafnt fyrir alla húsráðendur.

Nr. 28.
20.
október.

7. gr.

Sveitarfjeldagsstjórnin ein hefir rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfjeldagsstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir þeim reglum, er sveitarfjeldagsstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggildir, mega fást við lagning rafmagnstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan.

8. gr.

Hver sem af ásettu ráði veldur skemdum á rafmagnstaugum sveitarfjeldagsins eða öðrum mannvirkjum rafmagnsveitunnar, skal greiða fullar skaðabætur og sæta auk þess fangelsisrefsingu eða sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal sakborningur sæta sektum, og bæti auk þess skaðann að fullu.

9. gr.

Sveitarfjeldagið getur sett reglugerð um notkun rafmagnsins, meðferð á rafmagnsstaugum og önnur atriði, er að rafmagnsveitunni lúta, og nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir hana.

10. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stað í og gilda til 1. jan. 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.